



FJÖLMIÐLANEFND

Foreldrasamtök gegn áfengisauðglýsingum
Árni Guðmundsson, formaður
foreldrasamtok@foreldrasamtok.is

Reykjavík, 19. maí 2026
Mál nr. 2026-99 / 12.3

Efni: Kvörtun gegn Ríkisútvarpinu ohf. vegna ætlaðs viðskiptaboðs fyrir áfengi í sjónvarpi RÚV

I. Kvörtun og málsatvik

Fjölmiðlanefnd vísar til kvörtunar Foreldrasamtaka gegn áfengisauðglýsingum, dags. 26. apríl 2026. Í kvörtuninni kom fram að fyrirtækið Smáríkið hefði verið dæmt fyrir brot á áfengislöggjöfni, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness frá 8. apríl 2026 í máli nr. S-1780/2025. Þrátt fyrir það hefði birst auðglýsing um ólöglega starfsemi Smáríkisins þann 26. apríl 2026 um kl. 19:25 í sjónvarpi RÚV. Að mati samtakanna væri auðglýsingin jafnframt brot á 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Í kvörtuninni var þess krafist að Fjölmiðlanefnd myndi grípa til viðeigandi ráðstafana þegar í stað.

Með bréfi, dags. 27. apríl 2026, óskaði Fjölmiðlanefnd eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins ohf. (hér eftir Ríkisútvarpið) til kvörtunarinnar með hliðsjón af 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla). Einnig var óskað eftir afriti af þeirri auðglýsingu sem vísað var til í kvörtuninni.

Í svarbréfi Ríkisútvarpsins, dags. 8. maí 2026, var vísað í ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla, sem bannar m.a. viðskiptaboð fyrir áfengi, og tekið fram að auðglýsingabannið gildi ekki um söluaðila sem slíka heldur eingöngu um vörur og vörumerki þeirra vörutegunda sem talin væru upp í ákvæðinu. Í því sambandi var til hliðsjónar vísað í álit Fjölmiðlanefndar frá 30. júní 2023 í máli nr. 1/2023 (Viðskiptaboð fyrir nikótínvörur á RÚV). Tekið var fram að í auðglýsingu fyrir Smáríkið væri ekki vísað til áfengis og/eða vörumerkja áfengra drykkja og ekki sýnd meðferð



FJÖLMIÐLANEFND

þeirra eða neysla. Auglýsingin væri ekki frábrugðin auglýsingum ÁTVR sem hefðu birst í fjölmiðlum um langt skeið án athugasemda. Ríkisútvarpið teldi að eðli máls samkvæmt yrði jafnt að ganga yfir alla í þessum efnum. Að virtri fyrirbyggjandi stjórnsýsluframkvæmd yrði ekki ráðið að umrætt viðskiptaboð bryti gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Með svarbréfi Ríkisútvarpsins fylgdi afrit af umræddri auglýsingu.

Kvörtunin var tekin fyrir á fundi Fjölmiðlanefndar þann 18. maí 2026.

II. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

Að mati Fjölmiðlanefndar má ráða af efni kvörtunarinnar að hún varði ætluð viðskiptaboð fyrir áfengi í skilningi laga um fjölmiðla en slík viðskiptaboð eru óheimil samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laganna. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning, sbr. 47. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Fjölmiðlanefnd hefur kynnt sér efni þeirrar auglýsingar sem kvörtunin málsins lýtur að. Að mati nefndarinnar er ekki um að ræða viðskiptaboð fyrir áfengi í skilningi 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Viðskiptaboðið sem um ræðir felur að mati nefndarinnar í sér auglýsingu fyrir verslunina Smárikíð og þá þjónustu sem hún veitir en ekki áfengar vörutegundir og vörumerki, meðferð þeirra eða neyslu. Hafa slík viðskiptaboð verið talin innan marka framangreinds ákvæðis.

Í kvörtuninni er vísað til dóms Héraðsdóms Reykjaness frá 8. apríl 2026 í máli nr. S-1780/2025 þar sem forsvarsmaður Icelandic Trading Company b.v., sem starfrækti vefsíðuna www.smarikid.is, var sakfelldur fyrir brot gegn áfengislögum með því að hafa staðið að smásölu áfengis, í andstöðu við einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis hér á landi. Samkvæmt fréttáflutningi hefur dóminum verið áfrýjað til Landsréttar. Þrátt fyrir niðurstöðu framangreinds dóms hefur Fjölmiðlanefnd engin úrræði að lögum í tilvikum þegar starfsemi af því tagi sem hér um ræðir er auglýst í fjölmiðlum.

Í þessu sambandi ber að taka fram að Fjölmiðlanefnd hefur ekki eftirlit með áfengislögum nr. 75/1998 og lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011, sem kveða á um einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) til smásölu áfengis og ætluðum brotum gegn þeim lögum. Samkvæmt b- og c-lið 10. tölul. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 5/2025 fer fjármála- og efnahagsráðuneytið með yfirstjórn mála sem varða áfengislög, lög um verslun með áfengi og tóbak og málefni ÁTVR. Þá hefur lögreglan



FJÖLMIÐLANEFND

eftirlit með áfengislögum, en af erindi þínu er ljóst að þú hefur komið kvörtuninni á framfæri við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu. Loks telur Fjölmiðlanefnd rétt að benda á að málefni Ríkisútvarpsins ohf. heyra undir menningar,- nýsköpunar- og háskólaráðuneytið samkvæmt e-lið 10. tölul. 8. gr. fyrrnefnds forsetaúrskurðar.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að ekki séu forsendur til að aðhafast frekar vegna kvörtunarinnar. Fjölmiðlanefnd lýkur því hér með athugun sinni á málinu, sbr. 6. mgr. 6. gr. starfsreglna nefndarinnar nr. 238/2025.

Samkvæmt 1. mgr. 55. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 eru ákvarðanir Fjölmiðlanefndar fullnaðarúrlausnir innan stjórnsýslunnar og sæta ekki stjórnsýslukæru. Vilji aðili ekki una ákvörðun Fjölmiðlanefndar getur hann höfðað mál til ógildingar hennar og skal mál höfðað innan sex mánaða frá því aðila var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjölmiðlanefndar.

Fyrir hönd Fjölmiðlanefndar,

Einar Hugi Bjarnason
formaður